



Fjölbrotaskóli
Suðurlands

Lífeðlis- og líffærafræði LÍOL2SS05 Kennsluáætlun vorönn 2019

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÐ

Kennslugögn:

1. *Líffæra- og lífeðlisfræði I. bindi*. Regína Stefnisdóttir (IÐNÚ 1995).
2. *Human Anatomy Coloring Book*.
3. *Glærur, skyggjur, ljósrit*. Nánar kynnt í kennslustundum.

Lýsing

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvæghneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjakerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeirri frumustarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

Kennsluform:

Fyrirlestrar og umræða um námsefnið, heimaverkefni og tímaverkefni.

Námsmat:

Skriflegt próf í lok annar. Vægi: 70%

Verkefni og hlutapróf. Vægi: 30%.

Nemendur verða að skila 90% verkefna innan tímaramma og standast kröfur skólans um mætingu. Nema um annað sé samið.

Áætlun annarinnar

| Vikur/dags. | Hugtök og efnisþættir | Lesefni |
|---------------------------------|---|-----------|
| 1. vika 07.1 -11.01 | Kynning á námsefni. Frumur og vefir | 3. kafli |
| 2. vika 14.-18.1 | Frumur og vefir | 3.kafli |
| 3. vika 21.-25.1 | Þekjakerfið | 4. kafli |
| 4. vika 28.1- 01.2 | Þekjakerfið | 4. kafli |
| 5. vika 04.2-08.2 | Bein og liðir | 5. kafli |
| 6. vika 11.2-15.2 | Bein og liðir | 5. kafli |
| 7. vika 18.2-22.2 | Vöðvar | 6. kafli |
| 8. vika 25.2-01.3 | Vöðvar | 6. kafli |
| 9. vika 04.03.-08.3 | Verkefnavinna í vöðvum og beinum Könnun ?mars | 6. kafli |
| 10. vika 11.3.-15.3 | Hlutverk tauga- og miðtaugakerfis | |
| 11 vika 18.3-22.3 | Úttaugakerfið | 7. kafli |
| 12. vika 25.3-29.3 | Úttaugakerfið | |
| 13.vika 01.4-05.4 | Skynfæri | 8.kafli |
| 14. vika 08.4-12.4 | Skynfæri | 8.kafli |
| 15.vika 15.4.23.4 24-16.4 | Páskafri Innkirtlar | 9.kafli |
| 16. vika 29.4.-03.5 | Innkirtlakerfið | 10. kafli |
| 17. vika 06.5.-10.5 | Innkirtlakerfið og upprifjun | 10. kafli |

Commented [ÍÞ1]:

Commented [ÍÞ2]: